

**ÞJÓÐVILJINN****Málgagn sósíalísma, verkalyðs-hreyfingar og þjóðfrelsis**

Utgefandi: Utgáfufélag Þjóðviljans.  
Framkvæmdastjóri: Eður Bergmann.  
Ritstjórn: Arni Bergmann, Einar Karl Haraldsson, Kjartan Ólafsson.

Auglýsingastjóri: Þorgeir Ólafsson.  
Umsjónarmaður Sunnudagsblaðs: Þórunn Sigurðardóttir.  
Afgreiðslustjóri: Valpor Hlökkverson.  
Bladmenn: Altheiður Ingadóttir, Ingibjörg Haraldsdóttir, Kristin Astgeirsdóttir, Magnus H. Gíslason, Sigurdór Sigurdórs-son.  
Íþróttaréttamaður: Ingólfur Hannesson.  
Útlit og hönnun: Guðjón Sveinbjörnsson, Sævar Guðbjörnsson.  
Ljósmyndir: Einar Karlsson, Gunnar Elisson.  
Handrita- og prófarkalestur: Andrea Jónsdóttir, Elias Mar.

Auglýsingar: Svanhildur Bjarnadóttir.  
Skrifstofa: Guðrún Guðvarðardóttir, Jóhannes Harðarson.  
Afgreiðsla: Kristín Pétursdóttir, Bára Sigurðardóttir.  
Símavarsla: Ólöf Halldórsdóttir, Sigríður Kristjánsdóttir.  
Bílstjóri: Sigrún Barðardóttir.  
Þökkun: Anney B. Sveinsdóttir, Halla Pálsdóttir, Karen Jónsdóttir.  
Útkeyrsla, afgreiðsla og auglýsingar: Síðumúla 6, Reykjavík, sími 8 13 33.  
Prentun: Blaðaprent hf..

# Aðalfundi frestað

- Aðalfundi Íslenska álfélagsins h.f., sem boðaður hafði verið síðast liðinn föstudag, var frestað skömmu eftir að fundur hófst.
- Þessi ákvörðun var ekki tekin með atkvæðagreiðslu á fundinum eins og einhver sakleysingi kynni að halda. Nei, á þessum stað er valdakerfið svo háþróað, að allar atkvæðagreiðslur eru óþarfar, þar sem einn og sami maðurinn, herra MÜLLER frá Sviss, fer með öll atkvæðin í félaginu, — hinu „Íslenska“ álfélagi.
- Það er auðhringurinn Alusuisse, sem á öll hlutabréfin og þar með eru öll atkvæðin á einni og sömu hendinni þegar á aðalfund er komið. Við slíkar aðstæður eru atkvæðagreiðslur að sjálfsgöðu óþarfar.
- Hér skal engum getum að því leitt af hvaða ástæðum sendimanni Alusuisse þóknadist að fresta aðalfundi hins „Íslenska“ álfélags. Einvaldsherrar og einokunarkaupmenn hafa aldrei talið sig þurfa að skýra gerðir sínar fyrir lýðnum, og í félagsskap þar sem einn og sami maðurinn fer með öll atkvæði gildir sama lögmál.
- En hvað sem frestun þessa aðalfundar líður þá mun nú á næstu vikum á það reyna hverju auðhringurinn svarar kröfum íslenskra stjórnvalda um gjörbreytingar á álsamningunum, sem gerðir voru fyrir hálfum öðrum áratug.
- Ríkisstjórn Íslands hefur farið fram á nýja samninga þegar á þessu ári. Og álfurstarnir munu ekki komast undan að svara þeim kröfum sem þar verða bornar fram, enda þótt þeir hafi illu heilli á hendinni gamla samninga, sem samkvæmt bókstafnum eiga að gilda líft breyttir til ársins 2014.
- Hið erlenda fyrirtæki í Straumsvík greiðir nú um 4 aurar fyrir hverja kílóvattstund af raforku, sem það kaupir til síns reksturs hér.
- Talið er að framleiðslukostnaður á hverja kílóvattstund í hinum nýju virkjunum, sem hér er áformað að reisa á næstu árum sé hins vegar þrisvar sinnum hærra, 11 - 12 aurar, miðað við 8% reiknivexti.
- Við Íslendingar þurfum nú hins vegar að virkja mun fyrr en ella til okkar eigin nota vegna þess að hið erlenda álver gleypir nær helming allrar orku sem hér hefur áður verið virkjuð.
- Þetta ástand er að sjálfsgöðu gjörsamlega óviðunandi, og það bætist svo við að skattgreiðslur álversins hafa verið nánast engar.
- Krafan um nýja samninga og algera uppstokkun allra þessara mála er því óhjákvæmileg og hefur verið borin fram af ríkisstjórn Íslands.
- Vert er að bera raforkuverðið sem Alusuisse greiðir hér saman við það, sem greitt er fyrir orku til orkufreks iðnaðar í öðrum löndum.
- Hér er verðið 4 aurar eða 6,5 mills á kílóvattstund (1 mill = 1/1000 úr Bandaríkjadólar). Í tímaritinu Metal Bulletin frá 9. þessa mánaðar er frá því greint að stærsta orkusöluvirkjarni í Bandaríkjunum, BPA, krefji nú álf framleiðendur í Bandaríkjunum um 16 - 20 mills á kílóvattstund við endurnýjun á gömlum samningum. Hefur þó orkuverðið í mörgum tilvikum verið einna lægst einmitt í Bandaríkjunum.
- Á orkuþingi fyrir í þessum mánuði greindi Finnþogi Jónsson, deildarstjóri í iðnaðarráðuneytinu frá því, að almennt væri nú reiknað með að orkufreks iðnaður þyrfti á allra næstu árum að greiða 20 - 40 mills fyrir hverja kílóvattstund af raforku. Við seljum auðhringnum hins vegar nær helming allrar virkjaðrar orku á 6,5 mills kílóvattstundina.
- Súrálsviðskiptin eru svo kapitlú út af fyrir sig, og verða á ný tekin til umfjöllunar, þegar fyrir liggur skýrsla hins breska endurskoðunarvirkjarnis Coopers & Lybrand. Skýrslan er væntanleg í næsta mánuði.
- Það kann að vera erfitt fyrir svo hágöfugan mann sem álherrann MÜLLER að setjast að íslensku matborði. Hitt mun þó erfiðara fyrir hann og félag hans að setjast við samningaborð og færa þar fram rök fyrir óbreyttu ástandi í viðskiptum Íslendinga og auðhringsins.
- Í þeim viðskiptum þarf margt og mikið að breytast. Verksmiðjuna í Straumsvík getum við Íslendingar reyndar rekið sjálfir. Það ættu þeir herra MÜLLER og félag hans að hugfesta.

-k.

## Klippt

### „Nytjalist“

Sumarsýning er á Kjarvalsstöðum sem vert er að nema staðar við: þar sýna þrettán listamenn leirlist, gull- og silfur-smíði, gler og textíl; þetta eru listmunir, nytjalist, einhversstaðar bregður fyrir orðnu listiðnaður — það er eins og menn séu ekki almennilega búnir að koma sér saman um hvar megi ætla stað í virðingargstiga fegurðarinnar keramik, vefnaði, þrykki, glerskál, hálsmeni.

Listafólkið hafði áður en sýningin var opnuð á Kjarvalsstöðum sýnt í Hæsselbyhöll í Stokkhólmi. Meðan á þeirri sýningu stóð birti Ulf Hård af Segerstad grein í Svenska Dagbladet, sem full ástæða er til að „klippa“ úr hér.

Þar segir fyrst á þá leið að Ísland hafi hingað til látið lítið á sér bera á hinu stórfellda blómaskeiði nytjalistar á Norðurlöndum á eftirstriðsárumum. Enda víti menn að bókmenntahefðin, menning orðsins, hafi ráðið mestu um það, hvernig andlegur sjóndeildarhringur er um landið. Það sem er merkilegt, segir gagnrýnandinn, sem er mjög virtur maður í listaheimi, er það, að hvort sem borin er fram keramik, textíl, silfur- og gullsmíði, þá bera gripirnir allra síst vitni um að hlutirnir tali „norræna tungu“. Þetta er af hálfu gagnrýnanda hugsað sem lof í þeim skilningi, að hinir íslensku listamenn láti sér ekki nægja að halda áfram með það sem heimanfengið er — án þess að hann vilji gera lítið úr þeim arfi sem Íslendingar eins og aðrir eiga sér í klæðagerð og nytjasmíði bóndasamfélagsins. (Viða um lönd sjáum við svo hvernig óvönduð afstaða til hefða forfeðranna úrkynjast í túristaglingri, en það er svo önnur saga).

### Þeir fara víða

Nema hvað. Ulf Hård af Segerstad á sér skemmtilega skýringu á því hvers vegna hinir íslensku listamenn hafa ekki lokast inni á sínum þroskaferli. Hann segir:

Þegar ungur íslenskur hæfileikamaður leitar sér menntunar á ofangreindum sviðum, þá hefur hann vitanlega Myndlista- og handiðaskóla Íslands til að styðjast við, en þeir sem sýna í Hæsselby eru þar að auki menntaðir í Berlin eða Pforzheim, Oslo eða Bergen, Stokkhólmi eða Kaupmannahöfn, Edinborg eða Vín. Með öðrum orðum: Manni sýnist að hætta á sveitamennsku sé næstum því meiri í hinri ríku og vel búnu (að menntunarmöguleikum) Svíþjóð en á því Íslandi sem gefur færri kostnað.

Þetta minnir á merkilega þverstaðu: það er ekki að öllu leyti til bóta að eiga kost á hverskonar námi heima hjá sér. Við höfum, einnig á sviði þeirrar „menningar orðsins“ sem gagnrýnandinn samski minntist á, jafnan notið mikils góðs af þeirri forvitni, sem hefur rekið hæfileikamenn til að leita sér fróðleiks og reynslu úr ýmsum álfum og bræða hana saman við arf að heiman. En því miður verða menn varir við það á seinni árum, að almenningur er ekki eins forvitinn og þeir sem



Frá sumarsýningunni að Kjarvalsstöðum

hafa hresst upp á líf lista og aðrar menntir. Menningarneysla mikils þorra landsmanna, einkum að því er varðar kvikmyndir og sjónvarpsefni, er orðin lygilega einhæf. Og sú einhæfni er svo sterk orðin, að ef marka má þau sérkennileg kvein sem rekin eru upp í lesendadálkum, þá er það furðu algengt að fólk snúist öndvert gegn kvikmyndalist sem er utan hinnar takmörkuðu engilsaxnesku seiðingar.

### Forskoti eytt

Þetta var útdúrd. Gagnrýnandinn sænski heldur svo áfram á þessa leið: Sú fornmenning í handverki sem nú er sýnd frá Íslandi er ekki með neinum hætti tengd því, að menn séu að lita um öxl með söknuði. Þvert á móti: þeir sem sýna hafa undantekningarlaust tengt sig samtímaheingdum innan hverrar greinar og sá metnaður hefur dugað þeim til að jafnræði er með þeim og norrænum kollégum þeirra. Með röskleika og glæsibrag hafa menn gert að engu það forskot sem Skandinavía hefur náð... Sem sagt: gott.

### Samhengi

Sú úrklippa sem nú var vitnað til minnr eina ferðina enn á það, að ein helsta áherslubreyting sem orbið hefur í íslensku menningarlífi síðari misseri er mikil sókn myndlistar. Það eru ekki nema rösklega hundráð ár frá því að duglegur kaupmaður hélt „fyrstu myndasýningu í Reykjavík“, og það eru ekki

nema svo sem fimmtíu ár síðan hvert íslenskt landslagsmálverk var undur og stórmærki og sérstakt fagnadarefni — ef marka má blöð. Og síðan höfum við eignast mikinn her myndlistarmanna.

Það hefur að sönnu loðað við furðulengi, að virða helst ekkert annað en málverkið; áhugi á öðrum greinum lista hefur lengst af verið daufur og einhvernvegin gengið treglega að koma inn hjá fólki skilningi á samhengi milli þeirra tvinna sem gerast ofarlega í opinberum virðingastiga lista og á öðrum þrepum hans og í daglegu lífi. Nú á síðustu misserum fjólgar hinsvegar listamönnum og sýningum sem vinna að þarflegri brúarsmiði yfir allt land formmenningar. Sumarsýningin á Kjarvalsstöðum er góð framkvæmd í þessa veru.

### Réttur sómi

Þegar réttur sómi er sýndur svonefndri nytjalist er það ekki aðeins góður hvati á þá menningarviðleitni, sem ekki vill setta sig við veika hlekki neinstaðar í viðleitni manna til reka smekkleysur undanrennu og vanhugsun á brott úr umhverfi sínu. Hér er einnig um að ræða þau hyggindi sem í hag koma, að framsækin listskópun geti hlotið þann sess, að hún ráði miklu út frá sér um hönnun á hverskonar varningi íslenskum. Finnar fundu sér nokkuð snemma leiðir til að samstilla listrænt hugvit og handverk með þeim ríkulegum árangri sem freistandi er að reyna að hafa eftir.

AB.

# og skoríð